

Ísbjarnarblús

Lag og texti: Bubbi Morthens

NÓTA, Bubbi, frá plötunni Línudans: Það er lítið að segja um Ísbjarnarblús nema hvað, ég stend fastur á því að vinna aldrei meir fyrirteki.

Við vélina hefur hún staðið, síðan í gær

blóðugir fingur, illa lyktandi tær.

Þúsund þorskar á færibandinu þokast nær.

Á skrifstofunni arðræninginn situr og hlær

því línuritið sýnir að afköstin eru meiri í dag en í gær.

Þúsund þorskar á færibandinu þokast nær.

Herbergið mitt er uppi á verbúð, þar lifa lýs og flær

þó á ég litasjónvarp og frystikistu sem hlær.

Þúsund þorskar á færibandinu þokast nær.

Sigga á borði númer 22 hún hætti í gær

ég er að spekulera að hætta líka.

Þúsund þorskar á færibandinu þokast nær.

Það er enginn fiskur í dag, þið getið farið heim og slappað af

tekið ykkur sturtu eða farið í bað.

Þúsund þorskar á færibandinu þokast nær.

Ég ætla aldrei, aldrei, aldrei

aldrei meira að vinna í Ísbirninum.

Ó nei ég ætla aldrei, aldrei

aldrei, aldrei meira að vinna í Ísbirninum.

Ég ætla með kíló af hassi út í náttúruna

fíla grasið þar sem það grær.

Vinsældalisti

#3. sæti MBL - Tónlistinn (3.1.2008) 3 vikur á topp 10, 4 vikur á topp 20*

#5. sæti Tónlist.is - Netlistinn (2. vika 2008) 5. vikur á topp 10*

* Sú útgáfa lagsins sem komst inn á listana er með Bubba og Stórsveit Reykjavíkur

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

- Vísnavinir ; Bubbi - Vísnakvöld I (1980)*

- Bubbi - Ísbjarnarblús (1980)
- Bubbi - Línudans (1983)
- Bubbi - Blús fyrir Rikka (1986)*
- Ýmsir - Aftur til fortíðar 70-80, 3 hluti (1991)
- Bubbi - Ég er (1991)*
- Utangarðmenn - Utangarðsmenn (1994)*
- Bubbi - Sögur 1980-1990 (1999)
- Bubbi - Ísbjarnarblús (2005)*
- Bubbi - Gleðileg jól (2005)*
- Bubbi - Lögín mín (2006)*
- Bubbi ; Utangarðsmenn - 06.06.06 (2006)*
- Bubbi - Góð verk 07 (Fyrir iPod, 2007)
- Ýmsir - 100 Íslensk 80's lög (2007)
- Bubbi & Stórsveit Reykjavíkur - Ísbjarnarblús (stafræn útg. 2008)*(VL)

- Ýmsir - Svona var 1980 (2008)
- Bubbi - Bubbi og Stórsveit Reykjavíkur (DVD, 2008)*
- Bubbi - Sögur af ást, landi og þjóð 1980 - 2010 (2010)